



Hliðarvegur í Lækjarbotnum, Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Umsögn


Forsendur
Ferill málsins
Athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða

Kópavogi 1. apríl 2022/ ADK
Uppfært 13. maí 2022.
málsnr. 2112233

1) Forsendur

Samræmi við fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er gert ráð fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur og að gatnamót við Lækjarbotnaland/Geirland og umhverfi verði mislæg þó mögulega verði byggð einfaldari útgáfa fyrst. Á uppdrætti aðalskipulagsins eru sýnd mislæg gatnamót. Jafnframt er gert ráð fyrir að gatnamót Suðurlandsvegur að/frá Waldorfsskóla (S-31 á uppdrætti) og nágrenni verði lagfærð og settar fram hugmyndir um að vinstri beygjur verði aflagðar til að tryggja umferðaröryggi. Hliðarvegur sunnan Suðurlandsvegur milli vegtengingar að Waldorfsskóla og vegar um Lækjarbotna er nauðsynleg stoðaðgerð breikkunar Suðurlandsvegur til að tryggja umferðaröryggi og tengingar Waldorfsskóla og lóðarhafa sunnan Suðurlandsvegur. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.



Mynd 1. Hluti sveitarfélagsuppdráttar Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024.

Lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd

Skv. erindi Vegagerðarinnar dags. 29. nóvember 2021 felst framkvæmdin í lagningu 1200 m hliðarvegur á milli núverandi vegar að Waldorfsskóla og vegar um Lækjarbotnaland. Hönnunarhraði vegarins er 50 km/klst. Vegurinn samanstendur af tveimur 3 m breiðum akreinum með 0,5 m breiðum öxlum. Heildarbreidd vegarins í akbrautarhæð er því 7 m. Akreinar og axlir verða klæddar með bundnu slitlagi. Beggja vegna hliðarvegurinn er 4 m breitt öryggissvæði þar sem leyfilegur flái skeringa og fyllinga er 1:3. Samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar er tilgangur framkvæmdarinnar að bæta aðgengi að Waldorfsskólunum og frístundabyggð í Lækjarbotnalandi eftir að umferð verði hleypt á tvöfalda Suðurlandsveg á milli Hólmsár og Fossvallar. Samfara tvöföldun Suðurlandsvegur verði akstursstefnur aðskildar og tengingum inn á veginn fækkað í þágu umferðaröryggis. Hliðarveginum sé ætlað að tengja Waldorfsskólann og byggðina í Lækjarbotnalandi saman við fyrirhuguð Geirlandsvegamót sem fjallað var um í umhverfismati breikkunar Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði.

Með erindi Vegagerðarinnar voru þessi fylgiskjöl:

- Matsskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar
- Umsagnir umsagnaraðila vegna matsskyldufyrirspurnar
- Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Úrskurður Skipulagsstofnunar um matsskyldu
- Ósk Vegagerðarinnar um umsögn Umhverfisstofnunar og viðbrögð UST
- Áhættumat vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæði

Matsskylda

Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sendi Vegagerðin Skipulagsstofnun fyrirspurn dags. 1. september 2021, þar sem óskað var eftir ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun kallaði í kjölfarið eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila.

Kópavogsbær sendi Skipulagsstofnun umsögn um matsskyldufyrirspurn fyrir breikkun Suðurlandsvegur: Fossá – Hólmsá. Hliðarvegur í Lækjarbotnum, dags. 27. október 2021.

Sbr. fylgiskjal 1.

Skv. erindi Skipulagsstofnunar dags. 18. nóvember 2021 er framkvæmdin ekki háð matsskyldu sbr. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. Viðauka laganna. Eftirfarandi kemur fram í ákvörðunarorðum:

„Á grundvelli fyrirbyggjandi ganga er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs 31. janúar 2022 var lagt fram erindi Vegagerðarinnar dags. 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hliðarvegur í Lækjarbotnum.

Um er að ræða hliðarveg frá fyrirhuguðum gatnamótum við Geirland að núverandi vegi að Waldorfskólanum í Lækjarbotnum.

Framkvæmdin er liður í að tryggja öruggar tengingar við Lækjarbotnaland samhliða breikkun Suðurlandsvegur.

Fyrir liggur umsögn Kópavogsbæjar til Skipulagsstofnunar dags. 27. október 2021, þar sem fram kemur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum og því skuli hún ekki matsskyld. Með ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 18. nóvember 2021, var framkvæmdin ekki talin háð mati á umhverfisáhrifum þar sem hún var ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsráð samþykkti með tilvísan í 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 að grenndarkynna ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum.

Send voru bréf til umsagnaraðila og hagsmunaaðila dags. 23. febrúar 2022. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 28. mars 2022.

Á fundi skipulagsráðs 4. apríl 2022 var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögnum, athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og umsögn skipulagsdeildar dags. 1. apríl 2022. Skipulagsráð samþykkti erindið og vísaði því til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar 12. apríl 2022 var erindinu vísað aftur til afgreiðslu skipulagsráðs.

Athugasemdir og ábendingar

Á kynningartíma bárust athugasemdir og umsagnir frá:

1. Gunnari Haraldssyni og Jónu Margréti Kristinsdóttur, landeigenda í Gunnarshólma og Lækjarbotnalandi 4-5.
2. Þresti Magnússyni f.h. Skógræktarfélag Kópavogs.
3. Hildi Margrétardóttu rog Þórlaugu Sæmundsdóttur f.h. Waldorfskólans í Lækjarbotnum.
4. Henny Hafsteinsdóttur f.h. Minjastofnunar Íslands

**1. Gunnar Haraldsson og Jóna Margrét Kristinsdóttir landeigendur í Gunnarshólma og Lækjarbotnalandi 4-5 dags. 28. mars 2022.
Sbr. fylgiskjal 2.**

1.1.

Athugasemdum eigenda Gunnarshólma hefur áður verið komið á framfæri við Vegagerðina og Kópavogsbæ.

Athugasemdirnar varða, að breikkun vegarins verði sunnan við núverandi vegstæði og að eigendur Gunnarshólma þurfi greiðan aðgang að landi sínu, sunnan megin Suðurlandsvegar.

Umsögn 1.1:

Það er mat skipulagsdeildar að svör Vegagerðarinnar í matsskýrslu og umsögn Kópavogsbæjar séu fullnægjandi. Megin ástæður þess að vegurinn getur ekki verið sunnan megin núverandi vegar, er að á svæðinu er náttúruvættið Tröllabörn og önnur vernduð svæði í Lækjarbotnum. Helgunarsvæði náttúruvættisins nær að núverandi vegstæði Suðurlandsvegar sunnanverðu og takmarkar þar með möguleika á breikkun vegarins til suðurs.



1.2.

Gerð er athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir aðgengi landeigenda Gunnarshólma að landi þeirra Lækjarbotnalandi 4 og 5. Gerð er skilyrðislaus krafa um að fundin verði lausn á þessu og þeim tryggður aðgangur bæði að frístundalóðum á Lækjarbotnalandi 4 og 5 og beitarnandi sunnan megin vegarins.

Vegagerðin hefur lagt til að gerð verði undirgöng undir veginn þar sem svokallaður Oddfellowblettur er, en sú staðsetning er algjörlega óásættanleg að mati landeigenda, þar sem þá þurfi að ganga land Gunnarshólma á enda, til að komast að undirgöngunum. Verði fallist á tillögu landeigenda að leggja veginn sunnan núverandi vegar í landi Gunnarshólma eru landeigendur tilbúnir að falla frá þessari kröfu sinni um aðgengi að landi sínu sunnan vegarins.

Umsögn 1.2:

Framkvæmdir vegna hliðarvegarins hafa ekki áhrif á aðgengi landeigenda að landi Gunnarshólma sunnan vegar. Ofangreind athugasemd verður tekin til skoðunar og höfð til hliðsjónar í þeirri deiliskipulagsvinnu sem nú stendur yfir fyrir síðari hluta framkvæmdarinnar við breikkun Suðurlandsvegar og gatnamótalausnir sem þeirri framkvæmd fylgja.

1.3.

Skv. fyrirbyggjandi teikningum virðist helgunarsvæði vegarins ná inn á byggingarreit lóðanna og gera landeigendur athugasemd við það.

Umsögn 1.3:

Framkvæmdir vegna hliðarvegarins munu ekki hafa áhrif á lóðirnar við Lækjarbotnaland 4-5. Ofangreind athugasemd verður tekin til skoðunar og höfð til hliðsjónar í þeirri deiliskipulagsvinnu sem nú stendur yfir fyrir síðari hluta framkvæmdarinnar við breikkun Suðurlandsvegar og gatnamótalausnir sem þeirri framkvæmd fylgja.

1.4.

Landeigendur gera einnig athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu svokallaðra Geirlandsgatnamóta og hafa farið þess á leit við Vegagerðina að skoða að færa gatnamótin að heimreiðinni að Elliðakoti til að lengja leiðina frá Gunnarshólma til Reykjavíkur ekki meira en nauðsyn krefur. Gatnamótin verða u.þ.b. 800 metrum austar en núverandi tenging við Gunnarshólma. Gengi það eftir, lengist vegalengd frá Gunnarshólma til Reykjavíkur um a.m.k. 1,6 km. Einnig er óljóst hvar póstkassi fyrir ábúendur Gunnarshólma yrði staðsettur.

Gerð vegarins með þessum hætti, skerðir lífsgæði ábúenda. Landeigendur Gunnarshólma sjá sjálfir um snjómokstur á heimreið sinni og yfir háveturinn þegar tíðarfar hefur verið eins og síðust vikur hefur þurft mikinn snjómokstur og oft á tíðum þurft að moka veginn daglega. Ljóst er að ef ekki er fært að íbúðarhúsum mun það einnig koma niður á þjónustu við íbúa, svo sem sorphirðu, skólaakstur og póstpjónustu. Vegagerðin hefur svarað því til, að landeigendur verði að snúa sér til Kópavogsbæjar með hvaða hætti bærinn muni þjónusta veginn og þá sér í lagi í tengslum við snjómokstur yfir vetrarmánuðina.

Umsögn 1.4:

Það er mat skipulagsdeildar að megin mál varðandi hönnun og framkvæmd vegarins, sé öryggi vegfarenda. Vegamót við Geirland eru hluti af öðrum áfanga framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá.

Óhjákvæmilegt er að í tilvikum getur vegalengd sem fara þarf lengst, frá því sem nú er. Varðandi póstkassann, þá eru líkur á að hann verði settur niður við afleggjarann á mótis við Geirland. Við nánari skoðun skal hafa samráð við Íslandspóst.

Aukið umferðaröryggi er hagsmunamál allra hlutaðeigandi. Því kunna þó að fylgja einhverjar breytingar frá núverandi stöðu tenginga og lengri ferðatími.

Varðandi snjómokstur og sorphirðu, telur skipulagsdeild ekki forsendur til að svara í umsögn um umsókn um framkvæmdaleyfi. Snjómokstri hefur ekki verið sinnt af Kópavogsbæ í dreifbýlinu. Skipulagsdeild beinir því til gatnadeildar að skoða fyrirkomulag snjómoksturs á svæðinu í samvinnu við þjónustudeild Vegagerðarinnar.

2. Þröstur Magnússon f.h. Skógrættarfélag Kópavogs dags. 27. mars 2022. Sbr. fylgiskjal 4.

2.1.

Vakin er athygli á því að Skógrættarfélag Kópavogs plantaði trjám í Lækjarbotnum skv. samningi við Kópavogsbæ dags. 18. nóvember 1993. Virðist hliðarvegurinn fara að hluta yfir svæði þar sem trjáplöntum var plantað og vill félagið hafa aðkomu að því að skoðað verði hversu mikið af plöntum fer undir vegabæturnar. Á svæðinu eru m.a. tré sem félagið hefur nýtt til sölu og áskilur félagið sér bætur af hálfu Vegagerðarinnar í samræmi við magn trjáa sem fara undir vegaf framkvæmdirnar.

Umsögn 2.1:

Tekið er undir sjónarmið Skógrættarfélag Kópavogs varðandi bætur vegna hugsanlegs tjóns á trjám samhliða framkvæmdinni og að það verði bætt í samræmi við vegalög.

Þegar fyrir liggur svæði sem fer undir veginn, er eðlilegt að skoða verði hvort trjáplöntur, sem félagið hefur gróðursett fari undir vegstæðið. Verði það raunin, er eðlilegt að rætt verði við Vegagerðina um mótvægisáðgerðir eða bætur vegna mögulega raskaðs skógrættarsvæðis.

3. Hildur Margrétardóttir og Þórlaug Sæmundsdóttir f. h. Waldorfskólans Lækjarbotnum dags. 27. mars 2022. Sbr. fylgiskjal 5.

3.1.

Þar sem Waldorfskólinn í Lækjarbotnum er 130 manna vinnustaður er ástæða til að benda á það öryggi sem þarf að vera til staðar á meðan Geirlandsgatnamót hafa ekki verið tekin í gagnið. Stjórn Waldorfskólans og foreldraráð geta ekki samþykkt að skólarútur eigi að keyra að Bláfjallaafleggjara, þar til síðasta áfanga að Hólmsá er lokið og Geirlandsvegamatín tekin í notkun, líkt og Vegagerðin og Kópavogur hafa lagt fram sem tímabundna lausn á framkvæmdatíma.

Við bendum á umsögn Kópavogsbæjar við athugasemdum skólans í grenndarkynningu um breikkun Suðurlandsvegur 3.1. bls. 3:

Framkvæmdin felst aðeins í byggingu vegarins en hann verður ekki tekinn í notkun fyrr en að loknum síðasta áfanganum frá Fossvöllum að Hólmsá og þá samhliða þeim gatnamótalausnum sem í þeim áfanga felast. Sá áfangi verður kynntur síðar fyrir hagsmunaaðilum. Í þeirri framkvæmd sem nú er kynnt verður ekki gerð breyting á aðkomu að Waldorfskólanum frá Suðurlandsvegi. Skipulagsdeild tekur undir sjónarmið um mikilvægi samráðs við Waldorfskóla um fyrirhugaðar breytingar á vegtengingum í síðasta áfanga breikkunar vegarins og áréttar jafnframt mikilvægi þess að aðgengi að skólanum sé ekki skert miðað við núverandi tengingar.

Umsögn 3.1:

Áréttá skal að skólarútur frá Waldorfskóla munu ekki þurfa að keyra að Bláfjallaafleggjara á framkvæmdatíma. Eins og fram kemur ofangreint og í viðbrögðum Vegagerðarinnar dags. 7. apríl 2022 stendur ekki til að afleggja vinstri beygjur frá afleggjara Waldorfskóla inn á Suðurlandsveg fyrr en gatnamót við Geirland verða tekin í notkun.

3.2.

Vitað er að mikil snjósöfnun sé á svæðinu þar sem fyrirhugað er að leggja hliðarveginn. Nauðsynlegt sé að gera mótvægisáðgerðir gagnvart því, til dæmis með hækkun vegarins.

Einnig bendum við á skyldur Kópavogsbæjar að halda vegi í flokki C7 opnum á vetrartíma með snjómokstri, þar sem Waldorfskólinn stendur á stofnanalóð skv. nýju aðalskipulagi.

Umsögn 3.2:

Varðandi snjómokstur, telur skipulagsdeild ekki forsendur til að svara í umsögn um umsókn um framkvæmdaleyfi. Skipulagsdeild beinir því til gatnadeildar að skoðað verði með hvaða hætti hægt verði að sinna snjómokstri á svæði, þá hugsanlega með samvinnu við þjónustudeild Vegagerðarinnar. Komi til álita að leggja til við bæjarráð að snjómokstri verði sinnt á svæðinu.

4. Henný Hafsteinsdóttir f.h. Minjastofnunar Íslands

dags. 5. maí 2022

Sbr. fylgiskjal 8.

4.1

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir af því gefnu að gengið verði að kröfum Minjastofnunar Íslands sem fram koma í ofangreindri umsögn stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar dagsett 8. október 2021.¹

Umsögn 4.1

Í umsögn Minjastofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 8. október 2021 kemur eftirfarandi fram „Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn því að hluta túngarðsins (64:3) verði raskað vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Gæta verður þess þó að raskinu verði haldið í lágmarki og það verði ekki meira en brýna nauðsyn beri til. Þann hluta garðsins, sem liggur meðfram Suðurlandsvegi að norðanverðu og ekki verður raskað, þarf að girða af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að túngarðurinn raskist af vangá. Gæta þarf þess að garðurinn sem liggur samhliða túngarðinum nær Suðurlandsvegi verði einnig girtur af á meðan á framkvæmdinni stendur til að honum verði ekki raskað.“

Skipulagsdeild leggur áherslu á að ofangreindum kröfum Minjastofnunar verði fylgt eftir við framkvæmdina, skal framkvæmdaleyfið vera bundið þeim skilyrðum

Niðurstaða umsagnar:

Það er mat skipulagsdeildar að athugasemdum landeigenda Gunnarshólma, Skógræktarfélags Kópavogs og fulltrúa Waldorfskóla sé svarað með fullnægjandi hætti og að ekki finnist rök fyrir því að breyta kynntum forsendum hönnunar hliðarvegar í Lækjarbotnum.

Ábendingar varðandi fyrirhuguð gatnamót við Geirland verða teknar til skoðunar við gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

¹ Vísað er til umsagnar Minjastofnunar dags. 8. október 2021 vegna matsskyldufyrirspurnar. Fylgiskjal 9.



Skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stells Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogi, 27. október 2021
2105939/510.03 ADK

Umsögn Kópavogsbæjar um matsskyldufyrirspurn fyrir breikkun Suðurlandsvegur: Fossá – Hólmsá. Hliðarvegur í Lækjarbotnum.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Kópavogsbæjar, með bréfi dags. 27. september síðastliðnum um matsskyldufyrirspurn vegna lagningu hliðarvegur við Suðurlandsveg í Lækjarbotnum. Byggt á fyrirliggjandi gögnum telur Kópavogsbær að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum og því skuli hún ekki matskyld.

Staðhættir

Framkvæmdin er um 1.200 m nýr vegur innan Kópavogsbæjar. Hann mun liggja frá núverandi afleggjara að Waldorfskólanum í norðvestur að fyrirhuguðum Geirlandsvegumótum við Suðurlandsveg. Er það hluti af breikkun Suðurlandsvegur í svokallaðan 2+1 veg.

Forsendur niðurstöðu

Lýsing á framkvæmdinni er skýr, rök eru færð fyrir helstu umhverfisáhrifum og lýsing á verklagi styður við niðurstöðu matsskyldufyrirspurnar um að framkvæmd skuli ekki matskyld.

Nýi vegurinn er innan öryggissvæðis vegna grunnvatns. Tillaga að veglínu tekur tillit til skráðra fornleifa sem eru nærri, og gættir þess að raska ekki friðlýstum svæðum sem eru nærri, nánar tiltekið FS-4 Tröllabörn í Lækjarbotnalandi. Þó þarf einn tíundahluti af grjóttgarði umhverfis sk. Túnhól innan hverfisverndarsvæðisins HV-16 að vikja. Vegna aldurs telst grjóttgarðurinn friðaður skv. lögum um menningarminjar frá 2012. Einnig þarf að fjarlægja tæpan hálfan hektara af trjágróðri sem mögulega er hluti af 24 hektara skógræktarsvæði SK-2 Lækjarbotnar, en óvíst er hvort sá gróður tilheyrir hinu eiginlega skógræktarsvæði eður ei. Vegagerðin hyggst nýta gróður í yfirborðsfrágang eins og hægt er.

Umhverfisáhrif

Með því verklagi sem lýst er í matsskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar er Kópavogsbær sammála því að áhrif á gróðurfar, hljóðvist og verndarsvæði teljist engin eða óveruleg. Þar sem skerðing á friðuðum grjóttgarði umhverfis Túnhól er einungis 10% af heild er Kópavogsbær sammála að það teljist óveruleg umhverfisáhrif. Vegurinn verður óneitanlega nokkuð áberandi frá Suðurlandsvegi upp Lögbergsbrekkuna. Með vönduðum frágangi og nýtingu gróðurs í yfirborðsfrágang sem mótvægisáðgerð eru áhrif á ásýnd ekki talin sérstaklega neikvæð heldur



óveruleg. Á móti batnar aðgengi að Lækjarbotnum mjög mikið sem eykur umferðaröryggi og styttr aksturs- og ferðatíma.

Ekki er talin ástæða til að gera sérstakt áhættumat fyrir grunnvatn vegna vegalagningarinnar. Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun.

Samræmi við skipulag

Breikkun Suðurlandsvegur fellur að Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og auglýstri tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem stofnbraut. Sem nauðsynleg stoðaðgerð telst hinn nýi vegur vera það líka.

Leyfi

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar, skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllt

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

skipulag@kopavogur.is

28. mars 2022

Efni: Athugasemdir eigenda Lækjarbotnalanda 4 og 5 vegna hliðarvegar í Lækjarbotnum

Frá því að eigendum Gunnarshólma var fyrst kunnugt um fyrirhugaða tvöföldun Suðurlandsvegar hafa þau gert athugasemdir við framkvæmdina og hafa þau komið athugasemdum sínum á framfæri bæði við Vegagerðina og Kópavogsbæ. Með vísan í bréf frá Kópavogsbæ, dags. 23. febrúar 2022, verður nú gert grein fyrir helstu athugasemdum eigenda Lækjarbotnalanda 4 og 5 í tengslum við hliðarveg í Lækjarbotnum.

1. Staðsetning vegarins

Landeigendur hafa frá því að framkvæmdin var kynnt í upphafi gert athugasemdir við staðsetningu vegarins í landi lögbylisins Gunnarshólma og farið fram á að breikkun vegarins verði gerð sunnan við núverandi vegstæði. Þegar landeigendur skiluðu inn athugasemdum á sínum tíma í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar var kostum þess að vegurinn yrði lagður sunnan núverandi vegar lýst, en land þeim megin vegarins tilheyrir einnig Gunnarshólma. Einnig var bent á að eigendur Gunnarshólma þurfi að hafa greiðan aðgang að landi sínu sunnan vegarins ef vegurinn verður lagður norðan megin.

Í matskýrslu svarar Vegagerðin athugasemdum landeigenda stuttlega á þann veg að ekki komi til greina að breikka veginn til suðurs þar sem friðlýst náttúruvætti séu staðsett sunnan megin vegarins er nefnast Tröllabörn. Þá sé ástæðan einnig lega vegarins vestan Hólmsár og nálægð við íbúðarhús þar. Auðvelt er að sýna fram á að Tröllabörn muni að engu skaðast með því að vegurinn yrði breikkaður til suðurs í landi Gunnarshólma. Þá telja eigendur Gunnarshólma að Vegagerðin hefði þurft að skýra mun betur sjónarmið sín og röksemdir varðandi það að lega vegarins vestan Hólmsár sé ástæða þess að leggja verði veginn norðan núverandi vegar. Verði vegurinn lagður norðan núverandi vegstæðis eins og áformað er mun það hafa mjög mikil neikvæð áhrif á umverfi og landnotkun á svæðinu.

2. Aðgengi að landi norðan megin vegar

Í fyrirbyggjandi framkvæmdaráætlunum virðist ekki vera gert ráð fyrir að landeigendur hafi aðgang að landi sínu sunnan megin vegarins, þar með talið frístundalóðum sínum á Lækjarbotnalandi 4 og 5. Verði staðsetning vegarins með þeim hætti sem kynnt hefur verið gera landeigendur skilyrðislaus kröfu um að fundin verði lausn á þessu og þeim tryggður aðgangur bæði að frístundalóðunum sínum á Lækjarbotnalandi 4 og 5 og beitarlandi sunnan megin vegar. Vegagerðin hefur lagt fram tillögu um undirgöng undir vegin þar sem svokallaður

Oddfellowblettur er en sú staðsetning er algjörlega óásættanleg að mati landeiganda þar sem þau þurfa þá að ganga land sitt á enda til að komast að undirgöngunum.

Verði fallist á tillögu landeigenda að leggja vegin sunnan núverandi vegar í landi Gunnarshólma eru landeigendur tilbúnir til að falla frá þessari kröfu sinni um aðgengi að landi sínu sunnan vegarins.

3. Helgunarsvæði fer inn á byggingarreit

Samkvæmt fyrirbyggjandi teikningum virðist helgunarsvæði vegarins ná inn á byggingarreit lóðanna og gera landeigendur athugasemd við það.

4. Staðsetning vegatenginga og heimreið að Gunnarshólma

Landeigendur gera einnig athugasemd við fyrirhugaða staðsetningu svokallaðra Geirlandsvegamáta. Þeir hafa farið þess á leit við Vegagerðina að skoðað verði að færa gatnamótin heldur að heimreiðinni að Elliðakoti til að lengja leiðina frá Gunnarshólma til Reykjavíkur ekki meira en nauðsyn krefur. Miðað við þær áætlanir sem uppi eru er gert ráð fyrir að gatnamótin verði staðsett við núverandi heimreið að Geirlandi sem er u.þ.b. 800 metrum austur en núverandi tenging við Gunnarshólma. Gangi þetta eftir lengist sú vegalengd sem landeigendur þurfa að aka til að komast til Reykjavíkur um a.m.k. 1,6 km. Einnig er óljóst hvar póstkassi fyrir ábúendur á Gunnarshólma yrði staðsettur.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verður þessi vegur sem bætist við heimreiðina að Gunnarshólma í besta falli skilgreindur sem héraðsvegur. Það er ljóst að þetta felur í sér mikinn kostnað og skerðingu á lífsgæðum ábúenda. Landeigendur á Gunnarshólma sjá nú sjálfir um snjómokstur á heimreið sinni og yfir háveturinn þegar tíðarfar hefur verið eins og síðustu vikur hefur þurft mikinn snjómokstur og oft á tíðum hefur þurft að moka veginn daglega. Það er ljóst að ef ekki er fært að íbúðarhúsum mun það einnig koma niður á þjónustu við íbúa, svo sem sorphirðu, skólaakstur og pósthjónustu. Vegagerðin hefur svarað þessum mótbárum landeiganda á þann veg að þeir verði að snúa sér til Kópavogsbæjar varðandi þjónustu vegarins. Þeirri spurningu er því beint til Kópavogsbæjar með hvaða hætti bærinn muni þjónusta veginn og þá sér í lagi í tengslum við snjómokstur yfir vetrarmánuðina.

Fyrir hönd landeigenda Gunnarshólma,

Gunnar Haraldsson

Fylgiskjal 3 - Viðbrögð Vegagerðarinnar við athugasemdum landeigenda Gunnarshólma dags. 31. mars 2022.

Vegagerðin / Hlíðarvegur í Lækjarbotnum

31.03.2022

Kópavogsbær
B.t. skipulagsdeildar
Digranesvegi 1
200 Kópavogur



Efni: Viðbrögð Vegagerðarinnar við athugasemdum eigenda Lækjarbotnalanda 4 og 5 vegna hlíðarvegur í Lækjarbotnum

Þar sem athugasemdirnar snúa bæði að Gunnarshólma og Lækjarbotnalöndum 4 og 5 telur Vegagerðin rétt að sýna afstöðu hlíðarvegurinnar til framangreindra landareigna áður en athugasemdunum er svarað.



Mynd 1 Afstaða hlíðarvegur í Lækjarbotnum (appelsínugul lína) til landareignanna Gunnarshólma (ca. fjólubláa línan) og Lækjarbotnalands 5 (græna línan). Afmörkun fyrir Lækjarbotnaland 4 er ekki þekkt en skv. fasteignaskrá er lóðin 0 m² og stendur skammt sunnan við Lækjarbotnaland 5.

1. Staðsetning vegarinnar

Ekki kemur til greina að breikka Suðurlandsveginn til suðurs við framkvæmdasvæði fyrirhugaðs hlíðarvegur vegna náttúruvættisins Tröllabarna og annarra verndaðra svæða í Lækjarbotnum. Um verndarsvæðin er fjallað í fylgigögnum framkvæmdaleyfisumsóknar.

Landareignirnar sem um ræðir eru talsvert vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði eins og mynd 1 sýnir. Hvort vegurinn breikkar til norðurs eða suðurs vestan við hlíðarveginn er ótengt því framkvæmdaleyfi sem hér er til umfjöllunar og verður skoðað sem aðskilið mál í tengslum við 2. áfanga framkvæmda við breikku Suðurlandsvegurinn frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá.

2. Aðgengi að landi [sunnan] megin vegar

Framkvæmdir við fyrirhugaðan hliðarveg í Lækjarbotnum hafa hvorki áhrif á aðgengi landeigenda að landi Gunnarshólma sunnan vegar né fristundalóðum á Lækjarbotnalandi 4 og 5 enda eru tengingar inn á þessi svæði talsvert vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði eins og mynd 1 sýnir.

Tengingar við umrædd svæði verða skoðaðar í tengslum við 2. áfanga framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá.

3. Helgunarsvæði fer inn á byggingarreit

Helgunarsvæði fyrirhugaðs hliðarvegar í Lækjarbotnum kemur hvergi nærri byggingarreitum Lækjarbotnlanda 4 og 5 eins og mynd 1 sýnir.

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í námunda við umræddar lóðir í tengslum við breikkun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá.

4. Staðsetning vegatenginga og heimreið að Gunnarshólma

Staðsetning fyrirhugaðra Geirlandsvegamóta er óháð framkvæmdum við hliðarveg í Lækjarbotnum. Hliðarvegurinn tengist núverandi vegi um Lækjarbotnaland. Sá vegur tengist síðan fyrirhuguðum Geirlandsvegamótum.

Vegamótin eru hluti af 2. áfanga framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá. Staðsetning þeirra og nánari útfærsla helgast fyrst og fremst af umferðaröryggi en einnig umhverfisástæðum á svæðinu og þeirri umferð sem vegamótunum er ætlað að þjóna.

5. Niðurstaða

Vegagerðin telur athugasemdir landeigenda ekki tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum við hliðarveg í Lækjarbotnum. Athugasemdirnar snúa fyrst og fremst að staðsetningu Geirlandsvegamóta og breikkun Suðurlandsvegarins í landi Gunnarshólma. Þær lausnir sem þar eru til skoðunar eru með öllu óháðar fyrirhuguðum hliðarvegi í Lækjarbotnum.

Athugasemdirnar ættu því ekki að hafa áhrif á útgáfu þess framkvæmdaleyfis sem Kópavogsbær hefur til umfjöllunar.

f.h. Vegagerðarinnar

Gisli Gislason, verkefnisstjóri

Helga Jóna Jónasdóttir, umsjónarmaður

Ólafur Th. Árnason, hönnunarstjóri

Fylgiskjal 4 - Athugasemdir Skógræktarfélags Kópavogs dags. 27. mars 2022.

Stofnupplýsingar

Til : Skipulag
Frá : Þróstur Magnússon <ThrMag@rarik.is>
Heiti : Hliðarvegur í Lækjarbotnum. Umsókn um framkvæmdaleyfi. Athugasemdir Skógræktarfélags Kópavogs. ✎
Málsnúmer : 2112233
Málsaðili : Vegagerðin
Efnisflokkur : ✎
Skjalategund : ✎
Skráð dags : 27.3.2022
Höfundur : Þróstur Magnússon <ThrMag@rarik.is>

Góðan dag

Fyrir hönd Skógræktarfélags Kópavogs vil ég halda því til haga að félagið plantaði trjám í Lækjarbotnum samkvæmt samningi við Kópavogsbæ frá 18. nóvember 1993 um ræktun landgræðsluskógar. Hliðarvegurinn sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir virðist fara að hluta yfir svæði þar sem trjáplöntum var plantað samkvæmt áðurnefndum samningi og vill Skógræktarfélagið hafa aðkomu að því að skoðað verði hversu mikið af plöntum fer undir vegabæturnar. Á svæðinu eru m.a. tré sem félagið hefur nýtt til sölu og áskilur félagið sér bætur af hálfu Vegagerðarinnar í samræmi við magn trjáa sem fara undir vegaf framkvæmdirnar.

Kveðja,
Þróstur Magnússon
formaður Skógræktarfélags Kópavogs



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur
Skipulagssvið

Lækjabotnar, 27. mars 2022.

Athugasemdir varðandi grenndarkynningu á hliðarvegi í Lækjarbotnum

Stjórn Waldorfskólans og foreldraráð Waldorfskólans vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna grenndarkynningar á hliðarvegi í Lækjabotnum.

Þar sem Waldorfskólinn í Lækjabotnum er 130 manna vinnustaður er ástæða til að benda á það öryggi sem þarf að vera til staðar á meðan Geirlandsgatnamót hafa ekki verið tekin í gagnið. Stjórn Waldorfskólans og foreldraráð geta ekki samþykkt að skólarútur eigi að keyra að Bláfjallaafleggjara þar til síðasta áfanga að Hólmsá er lokið og Geirlandsgatnamót tekin í notkun líkt og Vegagerðin og Kópavogur hafa lagt fram sem tímabundna lausn á framkvæmdatíma.

Við bendum á eftirfarandi umsögn Kópavogsbæjar við athugasemdum skólans í grenndarkynningu breikkun Suðurlandsvegur 3.1. bls 3:

Framkvæmdin felst aðeins í byggingu vegarins en hann verður ekki tekinn í notkun fyrr en að loknum síðasta áfanganum frá Fossvöllum að Hólmsá og þá samhliða þeim gatnamótalausnum sem í þeim áfanga felast. Sá áfangi verður kynntur síðar fyrir hagsmunaaðilum. Í þeirri framkvæmd sem nú er kynnt verður ekki gerð breyting á aðkomu að Waldorfskólanum frá Suðurlandsvegi. Skipulagsdeild tekur undir sjónarmið um mikilvægi samráðs við Waldorfskóla um fyrirhugaðar breytingar á vegtenginum í síðast áfanga breikkunar vegarins og áréttar jafnframt mikilvægi þess að aðgengi að skólanum sé ekki skert miðað við núverandi tengingar.

Að þessu tilefni viljum við minna á að samráð var haft við fulltrúa Waldorfskólans í Lækjabotnum daginn eftir að tilboðum í verkframkvæmdina á breikkun Suðurlandsvegur var opnuð, sem eru afleit vinnubrögð og telst ekki til samráðs.

Vitað er að mikil snjósöfnun sé á svæðinu þar sem fyrirhugað er að leggja hliðarveginn. Nauðsynlegt sé að gera mótvægisáðgerðir gagnvart því, til dæmis með hækkun vegarins. Einnig bendum við á skyldur Kópavogsbæjar að halda vegi í flokki C7 opnum á vetrartíma með snjómokstri þar sem Waldorfskólinn stendur á stofnanalóð samkvæmt nýju aðalskipulagi.

Hildur Margrétardóttir
Skólastjóri
fh. Stjórn Waldorfskólans

Þórlaug Sæmundsdóttir
fh. Foreldraráðs

Kópavogsbær
B.t. skipulagsdeildar
Digranesvegi 1
200 Kópavogur



Efni: Viðbrögð Vegagerðarinnar við athugasemdum Waldorfskólans vegna hliðarvegar í Lækjarbotnum

Í ljósi athugasemda fulltrúa Waldorfskólans telur Vegagerðin ástæðu til að árétta að hliðarvegi í Lækjarbotnum er einmitt ætlað að tengja Waldorfskólann og aðra starfsemi við núverandi og framtíðarvegamót á svæðinu. Vegagerðin áformar að taka hliðarveginn í notkun áður en vinstri beygjur á núverandi vegamótum við Waldorfskólann verða aflagðar. Fyrir vikiðætti ekki að koma til þess að skólarútur þurfi að snúa við á Bláfjallavegamótum.

Eins og áður hefur komið fram í samskiptum við Waldorfskólann og Kópavogsbæ hefur Vegagerðin ekki heimild til að sinna vetrarþjónustu á fyrirhuguðum hliðarvegi í Lækjarbotnum. Vegagerðin hefur engu að síður opnað á samtal á milli sveitarfélagsins og þjónustusviðs Vegagerðarinnar um mögulegt samstarf um vetrarþjónustu á svæðinu. Það mál er í höndum sveitarfélagsins og ótengt fyrirbyggjandi framkvæmdaleyfisumsókn.

Varðandi skort á samráði við fulltrúa Waldorfskólans í Lækjarbotnum vill Vegagerðin koma því á framfæri að með hliðsjón af þeim vegamótalausnum sem orðið hafa fyrir valinu er hliðarvegurinn viðbót við þau áform sem lýst var í frumdrögum og mati á umhverfisáhrifum. Að höfðu samráði við Waldorfskólann voru ýmsar leiðir skoðaðar til þess að tengja skólann betur eftir breikkun Suðurlandsvegarins og aðskilnað akstursstefna. Þeim leiðum var m.a. lýst í ferli matsskyldufyrirspurnar til Skipulagsstofnunar.

Hliðarvegur í Lækjarbotnum þykir uppfylla markmið Vegagerðarinnar um öruggar og greiðar samgöngur og hagkvæma uppbyggingu samgöngukerfisins í sátt við umhverfið. Það er mat Vegagerðarinnar að núverandi tenging við Waldorfskólann sé óásættanleg. Því fyrr sem vinstri beygjur verða aflagðar og Waldorfskólinn tengdur öruggum vegamótum, því betra.

Vegagerðin telur athugasemdir Waldorfskólans í Lækjarbotnum ekki til þess fallnar að tefja fyrir útgáfu þess framkvæmdaleyfis sem Kópavogsbær hefur til umfjöllunar, heldur þvert á móti.

f.h. Vegagerðarinnar

Gísli Gíslason, verkefnisstjóri

Helga Jóna Jónasdóttir, umsjónarmaður

Ólafur Th. Árnason, hönnunarstjóri

Kópavogsbær
B.t. skipulagsdeildar
Digranesvegi 1
200 Kópavogur



Efni: Viðbrögð Vegagerðarinnar við athugasemdum Skógræktarfélags Kópavogs vegna hliðarvegur í Lækjarbotnum

Vegagerðin gerir ekki athugasemd við að fulltrúi Skógræktarfélags Kópavogs yfirfari fyrirhugað framkvæmdasvæði með hliðsjón af því hve mikið af plöntum fer undir hliðarveginn. Vegagerðin getur haft milligöngu um slíka athugun. Afmörkun skógræktarsvæðisins er mjög gróf á aðalskipulagsuppdráttum sveitarfélagsins. Nákvæm afmörkun skógræktar þarf að liggja fyrir áður en athugunin fer fram.

Vegagerðin lýsir sig reiðubúna til viðræðna við Skógræktarfélag Kópavogs um hugsanlegar mótvægisáðgerðir/bætur vegna hins raskaða skógræktarsvæðis í samræmi við það sem tíðkast hefur í öðrum sambærilegum tilvikum.

Vegagerðin fól hönnuðum að lágmarka áhrif hliðarvegarins á viðkvæm svæði í Lækjarbotnum, þ.m.t. trjágróður. Vegagerðin bindur því vonir við að athugasemd Skógræktarfélags Kópavogs verði ekki til þess að tefja útgáfu framkvæmdaleyfisins enda um mikilvæga framkvæmd að ræða fyrir aðra starfsemi á svæðinu.

f.h. Vegagerðarinnar

Gisli Gíslason, verkefnisstjóri

Helga Jóna Jónasdóttir, umsjónarmaður

Ólafur Th. Árnason, hönnunarstjóri

<p>Kópavogsbær b.t. Guðmundur G. Gunnarsson</p> <p>Fannborg 2 200 Kópavogur</p>	<p>Reykjavík 5. maí 2022 MÍ202205-0002/ 6.10 /</p>	<p> Minjastofnun Íslands</p> <hr/> <p>The Cultural Heritage Agency of Iceland</p> <hr/> <p>Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis</p> <p>Suðurgata 39 101 Reykjavík</p> <p>(354) 570 13 00 www.minjastofnun.is</p> <p>Kennitala: 440113-0280</p>
<p>Efni: Suðurlandsvegur - Hliðarvegur í Lækjarbotnum</p>		
<p>Með tölvubréfi dagsett 2. maí 2022 óskaði Guðmundur G. Gunnarsson ritari skipulagsdeildar umhverfissviðs Kópavogsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hliðarvegar í Lækjarbotnum. Meðfylgjandi erindinu var bréf Kópavogsbæjar dagsett 2. maí 2022, til Minjastofnunar ásamt afriti af umsögn Minjastofnunar til Skipulagsstofnunar dagsett 8. október 2021 vegna fyrirspurnar Vegagerðarinnar um matsskyldu. Í erindinu er vísað er í bréf Kópavogsbæjar dagsett 23.02.2022 sem láðist að senda Minjastofnun, en í því bréfi er vísað í gögn varðandi framkvæmdina á heimasíðu Kópavogsbæjar, þau gögn voru sótt 2. maí 2022.</p>		
<p><i>Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir að því gefnu að gengið verði að kröfum Minjastofnunar Íslands sem fram koma í ofangreindri umsögn stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar dagsett. 8. október 2021, nr. MÍ202110-0047/6.07/KM.</i></p>		
<p><i>Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012, stendur m.a.: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðmínjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem audið er hvort verki megi fram halda og með hvaða</i></p>		
<p><small>Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærðulegar til aðra stjórnvalda. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalda fyrir ákvörðun hafi allar rökstuðningur ekki fylgt ákvæðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvæðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.</small></p>		

skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar (skipulag@kopavogur.is)
Guðmundur G. Gunnarsson, ritari skipulagsdeildar umhverfissviðs
Kópavogsbæjar (guðmundurgg@kopavogur.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Viðhengi:

Fyrri umsögn Minjastofnunar Íslands til Skipulagsstofnunar dagsett. 8.
október 2021, nr. MÍ202110-0047/6.07/KM

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skýpulgagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 8. október 2021
Mf202110-0047/ 6.07 / K.M.

Efni: Breikkun Suðurlandsvegur: Fossvellir – Hólmsá. Hliðarvegur í Lækjarbotnum.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 24. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Á undanförunum árum hefur Vegagerðin unnið að breikkun Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði með tilheyrandi vegamótum, hliðar- og tengivegum. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fór fram árið 2009. Framkvæmdin sem hér er til umfjöllunar er lagning 1200 m hliðarvegur á milli núverandi vegar að Waldorfskóla og vegar um Lækjarbotnaland. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta aðgengi að Waldorfskóla og frístundabyggð í Lækjarbotnalandi eftir að umferð verður hleypt á tvöfaldan Suðurlandsveg á milli Hólmsár og Fossvalla. Ekki var gert ráð fyrir hliðarveginum í matsskýrslu árið 2009.

Fjallað er um fornleifar í skýrslu Vegagerðarinnar. Eins og þar segir kom árið 2020 út skýrsla Fornleifafraeðistofunnar, *Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráningu fornleifa í Lækjarbotnum. Nokkrar fornleifar voru skráðar á og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hliðarvegarins.

Nálægt svokölluðum Tröllabörnum eru tvö gerði sem í fornleifaskráningarskýrslunni hafa númerin 67:1 og 68:1. Austan við gerðin er hóll sem hefnist Túnhóll. Á honum er bæjarrústir Lögbergs, síðar Lækjarbotna (64:1) og fleiri mannvirkja sem tilheyrðu sama bæ, tóftir fjárhúss (64:2), túngarður (64:3) traðir (64:4) og rúst (64:5). Á Túnhól er líka heimagrafreitur (63:1).

Fjallað er um áhrif fyrirhugaðrar vegagerðar í kafla 7.4 í skýrslu Vegagerðarinnar. Þar segir að hliðarvegurinn muni ekki hafa áhrif á gerðin (67:1 og 68:1) við Tröllabörn. Vegurinn mun liggja mjög nærri

Vaktin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmálur nr. 80/2012 eru ákvarðendur Minjastofnunar Íslands skv. 20., 25., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til andra stjórnsýslulek. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnsýslis fyrir ákvæðun hafi slíkar rökstuðningur ekki fylgt ákvæðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvæðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákvæðunin og skal stjórnsýslid svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

gerðunum en þó mun Botnalækur liggja á milli vegarins og gerðanna og verja gerðin fyrir raski á meðan á framkvæmdum við veginn stendur. Minjastofnun telur engu að síður mikilvægt að verktökum verði gerð grein fyrir staðsetningu gerðanna til að koma í veg fyrir að þau raskist af vangá.

Túngarðurinn (64:3) umlykur minjarnar á Túnhól að norðan og vestanverðu. Í skýrslu Vegagerðarinnar segir að minjarnar (63:1, 64:1, 64:2, 64:4 og 64:5) innan túngarðsins verði ekki fyrir áhrifum af framkvæmdinni. En hins vega þurfi að skerða um 70 m af austurenda túngarðsins þar sem hann liggur norðan við Túnhól.

Túngarðurinn liggur á þessu svæði í brekkunni neðan við gamla bæjartúnið. Trjám hefur verið plantað þar sem garðurinn liggur á þessu svæði. Gamla túnið liggur nokkru ofar og því ólíklegt að þarna sé að finna nokkra aðra mannvist en garðinn sjálfan. Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar segir um garðinn: *Um grasi gróinn hól (Túnhóll) í Lækjarbotnum. Um 75 m SV af Þjóðvegi 1... Á um 150 x 350 m stóru svæði (NV - SA). Úr grjóti, 0,7 - 4 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. Garðurinn umlykur næstum því allan hólinn, en þó ekki í SV, því þar er lækur (Túnlækur). Við NA hliðina, nálægt miðju, gengur um 55 m langur garður, samhliða aðal túngarðinum. Er hann um 5 m neðar í brekkunni.*

Eins og fram kemur í lýsingunni þá liggur garður samhliða aðal túngarðinum að norðanverðu. Í skýrslunni er mynd af þessum garði. Garðurinn er ekki sýndur á loftmynd í skýrslu Vegagerðarinnar. Sjá má túngarðinn á loftmynd sem fylgir þessari umsögn. Svo er að sjá sem hann liggir u.þ.b. á milli stöðva 640 og 670. Garðurinn er ekki beinn.

Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn því að hluta túngarðsins (64:3) verði raskað vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Gæta verður þess þó að raskinu verði haldið í lágmarki og það verði ekki meira en brýna nauðsyn ber til. Þann hluta garðsins, sem liggur meðfram Suðurlandsvegi að norðanverðu og ekki verður raskað, þarf að girða af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að túngarðurinn raskist af vangá. Gæta þarf þess að garðurinn sem liggur samhliða túngarðinum nær Suðurlandsvegi verði einnig girtur af á meðan á framkvæmdinni stendur til að honum verði ekki raskað.


Fjallað er um efnisþörf og efnistöku í kafla 6 í skýrslu Vegagerðarinnar. Þar segir að heildarefnisþörf í hliðarveginn sé metin innan við 20.000 m³. Þar af sé reiknað með að u.þ.b. 14.000 m³ komi úr námum. Efnid verði tekið úr viðurkenndum námum í rekstri. Efnistaka vegna verksins hefur því ekki áhrif á fornleifar.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifarnar. Að því gefnu að gengið verði að

kröfum Minjastofnunar sem fram koma í þessu bréfi telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Þórdís Stella Erlingsdóttir (thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)



Garður við hljóðna á Tungaröðlum, sjá 64:3.